



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um leikskólaþjónustu á þéttingarsvæðum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 10. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum:

*Hvernig er fyrirhugað að þjónusta leikskólabörn og foreldra á þéttingarsvæðum í borginni, t.d. Hlíðarenda, Hekloreit, Orkureit og Kringlu sem dæmi? Hvar verða byggðir nýir leikskólar, hvar verður byggt við og hvar er pláss í þeim leikskólum sem þegar eru í nágrenninu? Á mörgum þessara svæða eru allir leikskólar þegar yfirfullir. Foreldrar og íbúar í hverfum í nágrenni við þessa þéttingarreiti hafa áhyggjur af því að ekki sé hugað nóg að fjölgun leikskólaplássna í samhengi við þéttingu.*

#### **Svar:**

Áhersla er á að stuðla að því að leikskólarými sé nægjanleg í hverjum og einum borgarhluta. Brúum bilið hópurinn hefur lagt áherslu á í tillögum sínum að svo sé.

Framkvæmdir sem eru hafnar eða fyrirhugaðar á eftirfarandi svæðum:

- Hekloreitur – Verið er að leggja lokahönd á viðbyggingu við leikskólann Stakkaborg sem mun fjölga plássum.
- Kringlan – Í deiluskipulagi er gert ráð fyrir að það verði leikskóli í nýjum íbúðakjarna við Kringluna.
- Hlíðarendi - Hlíð, Engihlíð er í endurgerð og þegar það er tilbúið losnar um í leikskólanum Nauthólsvegi.
- Orkureitur – Verið er að skoða stækkanir leikskóla í hverfinu með færanlegum einingum.

Leikskólar eru ekki hverfis-skólar líkt og grunnskólar og nokkuð mismunandi hvað ræður vali foreldra á leikskólum, fjarlægð frá heimili, fjarlægð frá vinnustað og svo menntaáherslur leikskólans.

Þéttingarreitir eru af ólíkum stærðum og gerðum og svo er mismunandi hvort að heppilegar leikskólalóðir séu í grennd við þéttingarreiti. Þannig eru möguleikar til uppbyggingar leikskólahúsnæðis ólíkir milli einstaka verkefna.